

Lýsing á dætrahópum nautanna á Nautastöð BÍ sem fædd voru árið 2000

Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir atriðum sem fram komu við skoðun á dætrum nautanna á Nautastöð BÍ sem fædd voru árið 2000. Fyrstu kýr úr þessum hópi komu til skoðunar árið 2004, að vísu aðeins 17 kýr þá, en árið 2005 voru skoðaðar 808 dætur þessara nauta og árið 2006 bættust síðan við 1.139 kýr. Samtals eru því í skoðun 1.964 kýr undan þessum 24 nautum eða tæplega 82 kýr að jafnaði undan hverju þeirra. Hóparnir voru samt talsvert misstórir því að flestar voru 114 kýr í einum dætrahópi en minnsti hópurinn taldi aðeins 45 kýr.

Þessi nautaárgangur er í hópi þeirra stærri sem verið hafa á stöðinni en ólíkur t.d. hópnum sem til dóms kom á síðasta ári (1999-nautin) að því leyti að í meginatriðum voru þarna tveir mjög stórir hálfbræðrahópar sem eru 12 naut undan Smelli 92028 og 9 undan Tjakki 92022 en Skuggi 92025 átti tvo syni og Skjöldur 91022 einn. Þess vegna kemur það ekki að óvart að mikil líkindi séu með dætrum ýmissa af þessum nautum. Heildarmyndin af þessum kúm var jákvæð. Þarna var minna um kýr með alvarlega galla í skrokkbyggingu, júgur- og spenagerð en áður en mjaltir hjá þessum kúm eru aftur á móti talsvert breytilegar og í sumum hópnum of mikið um gallaðar kýr að því leyti.

Þessar kýr er að finna um allt land en skipting þeirra eftir landsvæðum er þannig að 19 kýr voru í Kjósarsýslu, 162 í Borgarfjarðarhéraði, 82 á Snæfellsnesi, aðeins 18 í Dalasýslu, 20 þeirra var að finna á Vestfjörðum, aðrar 20 í Vestur-Húnavatnssýslu, 68 í Austur-Húnavatnssýslu, 170 í Skagafirði, 383 í Eyjafjarðarsýslu, 221 í Suður-Þingeyjarsýslu, 51 í Múlasýslum, 17 í Austur-Skaftafellssýslu, 61 í Vestur-Skaftafellssýslu, 227 kýr voru í Rangárvallasýslu og eins og oftast stærsti hópurinn eða 425 í Árnessýslu.

Til að skapa heildarmynd af einstökum dætrahópum þá hefur verið á síðustu árum tekin upp ákveðin verklagsregla með að grófflokka kýrnar í þrjá flokka, en reynslan hefur sýnt að skipting kúnna þannig eftir flokkun gefur allgóða mynd um hvern dætrahóp gagnvart þeim eiginleikum sem skoðunin nær til. Besti hluti kúnna flokkast sem kostakýr, en til þeirra kúa eru gerðar kröfur um að mat fyrir skrokkbyggingu má að hámarki falla niður á 7 fyrir einn þeirra þátta sem þar eru metnir, þær verða að ná að lágmarki 8 í öllum fjórum einkunnum, sem gefnar eru fyrir júgur- og spenagerð, einkunn fyrir mjaltir þarf að vera 17 eða meira og fyrir skap 4 eða hærra og auk þess má ekki vera lágmarkseinkunn um báða þessa þætti. Lakast hluti kúnna flokkast sem gallagripir og til að lenda í þeim flokki þarf kýrin að hafa fengið 6 eða lægra fyrir þætti í bolbyggingu, einnig ef einkunn fyrir júgur eða spena er 14 eða lægri, sömuleiðis ef einkunn fyrir mjaltir er 16 eða lægri eða einkunn um skap er 3 eða lægri. Kýrnar, sem lenda á milli þessara tveggja flokka, lenda síðan í flokk meðalgripa.

Hér á eftir fylgir stutt lýsing á einkennum einstakra dætrahópa sem fram komu við skoðunina. Vegna mikils skyldleika milli nautanna verða líkindi með hópnum meiri en áður hefur verið í hliðstæðum skoðunum.

Guffi 00002. Sérstaða hjá þessum kúm í útliti er að talsverður fjöldi þeirra ber sægráan lit föðurins en annars eru svartar kýr langalgengastar. Fremur lítið er um skjöldóttar kýr en allmargar þeirra eru huppóttar. Þetta eru kýr um meðallag að stærð og bolrými í tæpu meðallagi. Júgur- og spenagerð er yfirleitt góð hjá þessum kúm, en júgurbygging samt stundum ekki nægjanlega sterkleg þó að yfirleitt sé júgur vel borið. Aðeins ber á afturþungum

júgrum. Gallaðar mjaltir og á stundum mjög gallaðar eru of algengar hjá þessum kúm og skap þeirra mælist í tæpu meðallagi. Áður nefndir mjaltagallar, fyrst og fremst, valda því að 32% kúnna flokkast sem gallagripir en 40% fylla flokk kostakúa.

Strokkur 00003. Hjá dætrum hans er rauður litur mest áberandi þó að margar kýr séu einnig annað tveggja bröndóttar eða kolóttar. Nokkuð er um skjöldóttar kýr í hópnum. Þetta eru fremur sterkbyggðar og vel byggðar kýr og júgurgerð mjög góð og spenagerð einnig gallalítill. Umsögn um mjaltir er aðeins breytileg hjá þessum kúm og í heildina heldur undir meðaltali kúnna í þessari skoðun. Skapgallar litlir. Af kúnum eru 51% flokkaðar sem kostakýr en 21% þeirra teljast vera gallagripir.

Klakkur 00004. Þessar kýr eru að stórum meirihluta annað tveggja rauðar eða bröndóttar að lit og meginþorri þeirra eru einlitar. Þetta eru sterklega kýr og fallegar að útliti með mjög góða júgur- og spenagerð, en aðeins er um keilulaga spena. Þær fá almennt mjög jákvæða umsögn um mjalti og skap. Þetta endurspeglast í lágu hlutfalli gallaðra gripa eða aðeins 12% sem flokkast þannig en 54% kúnna falla í flokk kostakúa.

Klossi 00005. Hjá þessum kúm er að finna alla grunnliti og mikill meirihluti kúnna er einlitur. Þetta eru meðalkýr að stærð og gallalítill að ytra útliti, alloft með talsvert hallandi malir. Júgurgerð er gallalítill en spenagerð og staða spena ofurlítið breytileg. Hið sama á við um umsögn um mjaltir og skap kúnna, umsögn er talsvert breytileg en í heildina fremur góð. Flokkun skipar 23% kúnna í hóp gallagripa en kostakýr í þessum dætrahópi teljast 40% þeirra sem skoðaðar voru.

Þumall 00006. Rauðar kýr eru langflestar í þessum dætrahópi en all margar þeirra eru einnig skjöldóttar. Þetta eru mjög snotrar kýr í byggingu og meðalgripir um stærð. Júgurgerð er sterkleg og gallalítill og spenar eru nettir og vel lagaðir. Umsögn þessara kúa um mjaltir er mjög jákvæð en umsögn um skap þeirra er aftur á móti talsvert breytileg. Flokkun kúnna er ákaflega jákvæð þar sem 70% þeirra teljast kostagripir en 21% þeirra komu í flokk gallagripa og þá einkum vegna einhverra skapbresta.

Viðauki 00008. Mest ber á kolóttum, svörtum eða rauðum kúm í þessum hópi og flestar þeirra eru einlitar. Bygging hjá þessum kúm er gallalítill en malir of talsvert þaklaga. Litlir gallar sáust í júgur- og spenagerð hjá þessum kúm en nokkuð er um keilulaga spena. Umsögn um mjaltir var talsvert breytileg hjá kúnum og í heild undir meðallagi. Ekki ber mikið á skapgöllum hjá þessum kúm. Af kúnum flokkuðust 47% sem kostakýr en 31% þeirra töldust hins vegar gallagripir.

Gikkur 00009. Flestar af kúnum eru rauðar að grunnlit þó að flesta liti megi þar sjá og krossóttar kýr, sem erft hafa lit föðurins, eru margar. Gallar í byggingu, júgur- og spenagerð eru litlir hjá þessum kúm, nokkrar kýr hafa þó fremur afturþungt júgur. Mikill meirihluti kúnna fær mjög jákvæða umsögn um mjaltir og skap. Þetta kemur fram í því að 55% kúnna flokkast sem kostakýr en aðeins 18% þeirra teljast gallagripir.

Laski 00010. Rauðar kýr eru flestar í hópnum en einnig talsvert margar annað tveggja bröndóttar eða kolóttar og meginþorri þeirra einlitar. Yfirleitt eru þetta vel byggðar kýr, fótstaða sterkleg, með góða júgurgerð, örlar á afturþungum júgrum, en spenar vel lagaðir og oft fremur nettir. Nokkrar kýr með millispena. Mjaltir virðast gallalítill hjá þessum kúm og skap alla jafnan gott. Flokkun kúnna gefur því jákvæða mynd þar sem 56% kúnna flokkast sem kostakýr en aðeins 18% þeirra falla í flokk gallagripa.

Golli 00012. Flestar kýrnar eru rauðar að lit og mikill meirihluta þeirra eru einlitar. Þetta eru fremur stórar og sterklegar kýr að skrokkbyggingu. Örfáar kýr með lausa bóga. Júgur er yfirleitt vel lagað og ágætlega borið, en spenagerð er talsvert breytileg og stundum fremur grófir spenar og aðeins um keilulaga spena. Mjaltir fá nokkuð breytilega umsögn hjá þessum kúm en skap yfirleitt frekar gott. Flokkun sýnir þessar kýr sem fremur breytilegan hóp þar sem 44% þeirra flokkast sem kostagripir en 29% þeirra eru hins vegar flokkaðar sem gallagripir.

Kistill 00017. Bröndóttar kýr eru langflestar í hópnum en einnig margar rauðar og undantekningarlítið eru þetta einlitar kýr. Þetta eru margt fallegar kýr í byggingu og einnig er júgur- og spenagerð þeirra gallalítil. Örfáar kýr hafa millispena. Umsögn hjá þessum kúm leiddi einnig í ljós lítið af göllum í mjöltum og skapi. Þetta leiðir til að flokkun gefur jákvæða mynd þar sem aðeins 17% kúnna flokkast sem gallagripir en hins vegar falla 49% þeirra í flokka kostakúa.

Fóstri 00018. Hér eru langflestar kúnna annað tveggja rauðar eða bröndóttar að grunnlit og skjöldóttar kýr eru fáséðar í hópnum. Engir áberandi gallar koma fram í byggingu þessara kúa. Júgurgerð er fremur góð en mætti stundum vera heldur sterklegri júgurfasta og örlar á afturþungum júgrum. Aðeins ber á fremur löngum spenum, einstaka sinnum aðeins keilulaga og stundum aðeins utarlega settum. Mjaltir yfirleitt góðar, aðeins samt um mismjaltir en umsögn um skap ögn breytileg. Flokkun sýnir þetta sem talsvert breytilegar kýr þar sem 39% kúnna flokkast sem kostakýr en 33% þeirra teljast gallagripir.

Vörður 00021. Kýrnar skiptast nokkuð jafnt á grunnlitina rauðan, bröndóttan og kolóttan og nokkrar kúnna voru skjöldóttar. Þetta eru myndarlegar kýr að ytra útliti og þær hafa sterklega júgurbyggingu, sem einstaka sinnum sækir í að júgur sé afturþungt. Spenagerð er einnig yfirleitt gallalítil en aðeins um keilulaga spena. Mjaltir eru yfirleitt sagðar góðar, en hjá þeim fáu kúm, sem víkja frá því, verulega gallaðar. Skap er gott hjá þessum kúm. Skipan kúnna í gæðaflokka gefur nokkuð jákvæða mynd þar sem 49% þeirra flokkast sem gæðagripir en 22% sem gallagripir.

Ísbúri 00022. Litafjölbreytni er talsverð hjá þessum kúm, en flestar eru kolóttar og margar rauðar. Skjöldóttar kýr fremur fáséðar í hópnum. Þetta eru meðalkýr að stærð, oft með nokkuð þaklaga malir en góða bolbyggingu. Júgur eru vel löguð og sterkleg. Spenar fremur nettir, vel settir og lagaðir. Nokkrar kýr höfðu millispena. Þessar kýr fá fremur jákvæða umsögn um mjaltir og skap þó að gallagripum megi finna þar eins og í öllum hópnum. Flokkaskipun kúnna gefur jákvæða mynd þar sem 58% þeirra flokkast sem kostakýr en 21% þeirra teljast hins vegar gallagripir.

Kósi 00026. Flestar kúnna eru rauðar að grunnlit, einnig margar kolóttar og nokkrar svartar. Allnokkrar skjöldóttar kýr er að finna í hópnum. Þetta eru margt nokkuð stórar kýr með sterklegan og útlögumikinn bol. Júgur- og spenagerð er mjög gallalítil hjá þessum kúm. Þessi hópur er á meðaltali um mat á mjöltum kúnna og skap yfirleitt í lagi en tvær kýr sagðar alger skapfól sem draga meðaltal hópsins verulega niður. Flokkun kúnna sýnir frekar jákvæða mynd þar sem 54% þeirra eru flokkaðar sem kostakýr en 23% sem gallagripir.

Þúsi 00029. Bröndóttar kýr eru langsamlega flestar í þessum kúahópi og allmargar kúnna eru skjöldóttar. Þessar kýr hafa ákaflega öflugan bolbyggingu og eru fremur stórar. Litlir gallar eru í júgur- og spenagerð kúnna. Mjaltir fá talsvert breytilega umsögn og sama á við um skap

kúnna. Skipting kúnna í gæðaflokka endurspeglar þennan breytileika þar sem 47% þeirra flokkast sem gæðakýr en gallagripir eru 31% þeirra.

Júdas 00031. Langflestar kúnna eru með rauðan grunnlit en talsvert er um skjöldóttar kýr í þessum hópi. Skrokkbygging gallalítill, aðeins til veik yfirlína hjá kúnum. Júgurgerð er yfirleitt góð og júgur sterklegt. Spenar eru hjá sumum af þessum kúm full langir. Nokkrar kýr hafa millispena. Þessar kýr fá mjög jákvæða umsögn bæði um mjaltir og skap þó að tilgreint sé að nokkrar séu mismjalta. Flokkun skipar 43% kúnna í hóp kostakúa en 22% þeirra flokkast sem gallagripir.

Gosi 00032. Þessar kýr eru langflestar annað hvort rauðar eða bröndóttar að grunnlit og verulega margar kúnna eru skjöldóttar. Þetta eru ákaflega gallalítlar kýr hvort sem horft er til skrokkbyggingar eða júgur- og spenagerðar þeirra. Örlítið sjást fremur afturþung júgur og keilulaga spenar. Umsögn, sem þessar kýr fá um mjaltir og skap, er einnig á þann veg að gallar þar virðast litlir. Flokkun kúnna dregur þetta saman í mjög jákvæða heildarmynd þar sem 59% kúnna flokkast sem kostakýr en aðeins 15% þeirra teljast gallagripir.

Náttfari 00035. Svarti liturinn er mjög ríkjandi hjá þessum kúm þó að allmargar séu kolóttar. Skjöldóttar kýr eru ekki margar í hópnum. Þessar kýr hafa gallalítla bolbyggingu, margar með fremur góðar útlögur. Júgur er yfirleitt vel lagað og fremur vel borið en sækir stundum í að vera fremur afturþungt. Spenar eru yfirleitt nettir, vel settir og lagaðir. Umsögn um mjaltir kúnna er aðeins breytileg en skapgallar eru ekki áberandi. Flokkun kúnna sýnir mikið af öflugum kúm þar sem 57% flokkast sem kostakýr, en hins vegar eru 25% þeirra um leið flokkaðar sem gallagripir.

Þröstur 00037. Alla grunnliti nema gráan er að sjá hjá kúnum en enginn einn mest áberandi og nokkuð af skjöldóttum kúm er í hópnum. Skrokkbygging kúnna gallalítill. Júgurgerð er sterkleg. Spenar eru stundum í lengra lagi en fremur grannir. Mjaltir sagðar mjög góðar hjá þessum kúm en skap hins vegar aðeins breytilegt. Flokkun skipar 44% kúnna í flokk gæðagripa en 22% þeirra flokkast sem gallagripir.

Tjarni 00039. Flestar kúnna eru svartar að grunnlit en allmargar rauðar og skjöldóttar kýr ekki margar. Kýrnar hafa gallalítla bolbyggingu, en malir eru oft fremur grannar og nokkuð þaklaga. Júgur er sterklegt og vel borið og spenar vel gerðir, fremur nettir. Þessar kýr fá yfirleitt mjög jákvæða umsögn bæði um mjaltir og skap. Flokkun kúnna sýnir jákvæða mynd þar sem 58% þeirra flokkast sem kostakýr en aðeins 11% þeirra hafna í hópi gallagripa.

Ljómi 00040. Þarna eru allir grunnlitir nema gráu litirnir og tiltölulega jafndreifðir í hópnum en skjöldóttar kýr er vart að sjá þar. Boldýpt hjá þessum kúm er í tæpu meðallagi en skrokkbygging sterkleg. Júgur- og spenagerð er mjög gallalítill. Aðeins ber á afturþungum júgrum hjá þessum kúm. Nokkrar kýr eru með millispena. Þessar kýr fá fremur jákvæð ummæli um mjaltir en einkunn um skap undir meðallagi, sem ræðst meira af því að fremur lágt hlutfall kúnna fær hæstu einkunn fremur en að þar séu áberandi skapbrestagripir. Flokkunin sýnir ákveðinn breytileika þar sem 40% kúnna skipast í flokk kostagripa en 28% þeirra flokkast sem gallagripir.

Bútur 00043. Grunnlitir, allir nema gráu litirnir, eru í hópnum talsvert jafnt dreifðir og slæðingur er af skjöldóttum kúm. Þessar kýr hafa gallalítla bolbyggingu og júgurgerð er einnig sterkleg, en hjá einstaka kúm er afturþungt júgur. Spenar eru alloft heldur í lengra lagi og nokkuð oft keilulaga. Mjaltir yfirleitt sagðar góðar en umsögn um skap heldur breytilegri.

Flokkun kúnna lýsir ákveðnum breytileika þar sem 38% þeirra flokkast sem kostakýr en 36% þeirra hafna í flokki gallagripa.

Jóli 00044. Í þessum hópi ber mest á svörtum kúm en þær rauðu eru einnig allmargar og nokkur fjöldi kúnna er skjöldóttur. Þetta eru tæplega meðalkýr að bolrými í samanburði við kýr í hinum hópunum en hafa gallalitla skrokkgerð. Júgurgerð er yfirleitt góð. Spenar eru vel lagaðir en þó stundum fremur grannir og allmargar kýr með keilulaga spena. Nokkrar kýr með millispena. Ekki ber á mjaltagöllum en aðeins koma hins vegar fyrir skapgallar hjá þessum kúm. Flokkun sýnir heldur jákvæða mynd með 49% kúnna í hópi kostagripa en 19% þeirra teljast aftur á móti gallagripir.

Lás 00045. Rauðar kýr eru langflestar en allmargar bröndóttar og nokkrar kolóttar. Nokkuð af kúnum er skjöldóttar. Þetta eru oft fremur fínbyggðar kýr en gallalitar að ytra útliti með góða júgurgerð. Spenar nettir, oft bæði stuttir og grannir en stundum aðeins keilulaga. Þessar kýr fá mjög góða umsögn um mjaltir og skap er einnig sagt gott. Flokkunin sýnir þetta sem öflugan kúahóp þar sem 75% kúnna eru í hópi kostakúa en aðeins 9% flokkast sem gallagripir.